

Mál nr. 208/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Krafa um bætur til handa farþega í bifreið vegna umferðarslyss 11.4.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.7.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf V dags. 19.7.2016

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem lenti í árekstri 11.4.2014. M leitaði ekki til læknis eftir atvikið en fór til sjúkrahjálfa rúmum mánuði eftir að umræddur árekstur varð. Áður hafði M verið til meðhöndlunar hjá sjúkrahjálfa vegna varanlegra afleiðinga fyrri slysa í mörg ár. M leitaði fyrst til læknis eftir það umferðarslys sem hér er til umfjöllunar 15.4.2015. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A og M vísar til þess að áreksturinn 11.4. 2014 hafi verið harður og þó M hafi reynt að harka af sér hafi afleiðingar vegna slyssins verið umtalsverðar. V hafnar bótaskyldu og segir að orsakatengsl séu ekki sönnuð milli tjónsatburðar og þeirra einkenna sem M vísar til. V segir að hraði ökutækjanna sem í hlut áttu í umrætt sinn hafi verið óverulegur, en M bendir á það á móti, að þau hafi komið úr gagnstæðum áttum. Þá bendir V á að M bjó við varanleg einkenni af sama tagi og hann vísar til hvað varðar slysið 11.4.2014 eftir eldri slys.

Álit.

M var farþegi í A þegar bifreiðin lenti í árekstri 11.4.2014. M leitaði ekki til læknis eftir framangreint umferðarslys fyrr en 15.4.2015 eða rúmu ári eftir slysið. Fyrir liggur að M býr við varanleg einkenni vegna fyrri slysa, en engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á núverandi einkenni M sé hægt að rekja eingöngu til umferðarslyssins 11.4.2014. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli slyssins og núverandi einkenna M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 6.9.2016

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.